



---

# Fundargerð stjórnar HSI

Fimmtudaginn 27. mars 2025



## Áttundi fundur 67. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, fimmtudaginn 27. mars 2025 kl. 12.00.

Mætt voru: Guðmundur B. Ólafsson, Bjarni Ákason, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Páll Þórólfsson, Ragnar Lárus Kristjánsson, Reynir Stefánsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson og Guðríður Guðjónsdóttir

Fjarverandi: Engin

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. Landsleikir gegn Ísrael  
A landsleið kvenna leikur 2 leiki við Ísrael um miðjan apríl í undankeppni HM. Mikil vinna hefur verið við undirbúning við komu liðsins vegna ástandsins við Miðjarðarhaf. Ákveðið var að hafa miðaverð kr.2500 fyrir fullorðna en kr.3500 ef keypt er á báða leiki. Frítt verður fyrir 16 ára og yngri.
  - b. Breytingar á stjórn  
Farið verður yfir þær breytingar sem verða á stjórn á er fráfarandi stjórnarmönnum þakkað kærlega fyrir þeirra framlag í gegnum árin.
3. Ársþing HSÍ  
Farið var yfir þær tillögur sem liggja fyrir ársþingi sem og þau framboð sem hafa borist. Engar tillögur bárust frá aðildarfélögum. Laganefnd HSÍ leggur fram 7 lagabreytingar en engin breytingartillaga er efnisleg.
4. Ársreikningur 2024  
Ársreikningur HSÍ var lagður fram og var gerð sérstök athugasemd við gjaldfærslu EHF vegna covid prófa frá 2022. Ákveðið var að varúðabóka 50% af reikningnum og verður það sérstaklega tekið fram í skýringu.
5. Fjárhagsáætlun 2025  
Fjárhagsáætlun lögð fram sem og tillaga um þáttökugjöld. Samþykkti stjórn framlagða áætlun sem og tillögu um þáttökugjöld en stjórn leggur til hækkan á þáttökugjöldum milli ára.
6. Erindi frá Fram varðandi félagaskipti  
Erindi barst frá Fram varðandi undanþágu á félagaskiptum og vék Reynir Stefánsson af fundi. GBO og RG klára málið gagnvart Fram.
7. Erindi frá Haukum  
Erindi barst frá Haukum varðandi hegðun stuðningsmanna ÍBV. Stjórn HSÍ sér ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við.
8. Staðfesting á reglugerð  
Breyting á reglugerð HSÍ um handknattleiksmót var staðfest í tölvupósti og var það bókað formlega.



## 9. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari